



**v. Tillögu að sérreglum fyrir byggðakvóta á Súðavík**

Almennt: Tölvupóstur

Málsnúmer: MAR22020848

Málalyklar: 05.04.01 Úthlutanir aflaheimilda, framsal og sameining

Eigandi skjals: Jóna Stefánsdóttir

Staða: Lokið

Dagsetningar:

Búið til: 10.03.2022

Dagsetning skjals: 09.03.2022

Upplýsingar um viðskiptavin:

Gunnar Þór Gunnarsson

Netfang: gunnar@freska.is

---

Notandi: gunnar@freska.is

Dagsetning: 9.3.2022 18:03:45

Til: "Matvælaráðuneyti" </o=Exchange Government/ou=Exchange Administrative Group (FYDIBOHF23SPDLT)/cn=Recipients/cn=useraf016310>

Efni: Fwd: v. Tillögu að sérreglum fyrir byggðakvóta á Súðavík

---

Sent from my iPad

Begin forwarded message:

**From:** gunnar@freska.is

**Date:** 9 March 2022 at 18:02:22 GMT

**To:** postur@anr.is

**Subject:** Fwd: v. Tillögu að sérreglum fyrir byggðakvóta á Súðavík

Góðan dag

Vegna erindis sem sent var til Atvinnuvega- og nysköpunarráðuneytisins í lok janúar um sérreglur um úthlutun byggðakvóta fyrir Súðavíkurbhrepp fiskveiðiárið 2021/2022.

Okkur langar að koma á framfæri eftirfarandi upplýsingum þar sem í greinargerðinni með tillögunni virðast vera nokkrar mistúlkanir og staðreyndarvillur.

1. Aurora Seafood ehf. á ekki aðkomu að rekstri Íslandssögu eða Vestfisk á Súðavík heldur er sjálfstæð útgerð eins og aðrar útgerðir á svæðinu. Við skiljum líkt og reglur gera ráð fyrir að lítil harðfiskvinnsla á svæðinu getur ekki greitt hæðstu jaðarverð á markaði og höfum ekki sett út á þau verð sem hafa verið í boði fyrir aflann. Tilgangur byggðakvótaheimilda frá ríkinu voru að treysta byggð á svæðunum og vinnslurnar eru oftast einu heilsársstörfín sem skilgreind eru til aukinnar byggðafestu á

svæðunu en útgerðirnar sjaldnast ná þeim viðmiðum. Eðlilega eru því gerðar kröfur á að aflinn sé unninn á svæðinu sem svo hefur áhrif á verð og afhendingarmöguleika á afla.

2. Tindur ÍS-235 hefur landað afla í Súðavík svo það er ekki rétt að sveitarfélagið verði af afla- og hafnargjöldum vegna þess byggðakvóta sem skipið hefur veitt.
3. Fullyrt er að markmiðið skuli vera “að hámarka það sem til úthlutunar er og fengist fyrst með hærri aflaverði og þar með aflagjöldum”, við viljum bara benda á tvennt í þessu samhengi að ítrekað hefur ekki tekist að veiða byggðakvótann á Súðavík sem hefur því miður dregið úr tekjum sveitarfélagsins og hinsvegar má ekki horfa framhjá því að sú vinnsla sem rekin er á svæðinu starfar í erfiðu rekstrarumhverfi þar sem öllum má vera ljóst að hallað hefur almennt undan fæti slíkrar starfsemi á landinu undanliðin misseri og erfitt er að sjá að lýsing á þeim aðstæðum séu hótanir frekari en raunveruleg lýsing á erfiðum aðstæðum. Þau störf sem þar eru tryggð eru sveitarfélaginu mikilvæg í tekjum sem vega þyngra en öll aflagjöld samanlögð að undanskildum afleiddri starfsemi og þjónustu. Aurora Seafood gerir því ekki ath við það að verðlagsráðsverð séu látin gilda við löndun á byggðakvóta á Súðavík

Að lokum má því benda á að m.t.t. tillögu þeirri sem hér um fjallar verður ekki sé að skilyrðum 10 gr. laga nr. 116/2006 fyrir málefnalegum staðbundnum ástæðum sé fullnægt og það víðsfjarri:

“Fiskiskipum er skylt að landa til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga afla sem nemur í þorskígildum talið tvöföldu magni þeirra aflaheimilda sem þau fá úthlutað skv. 2. tölul. 1. mgr. og skal úthlutun til þeirra ekki fara fram nema að því leyti sem það skilyrði er uppfyllt samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur. Ráðherra er heimilt að fengnum rökstuddum tillögum sveitarstjórnar að víkja frá þessu skilyrði enda sé það gert á grundvelli málefnalegra og staðbundinna ástæðna.”

Er því sveitastjórn beðin um að endurskoða tillögu sína út frá breiðari heildarhagsmunum á svæðinu þar sem tillit er tekið til allara sem stunda veiðar og vinnsla á Súðavík og geta mögulega náð settu marki laganna og reglna um byggðakvóta og um leið er ANR hvatt til að hafna tillögunni.

Fyrir hönd Aurora Seafood  
Gunnar Þór Gunnarsson